



MYLLUBAKKASKÓLI

Tilefni fundar			
FUNDARGERÐ		Aðalfundur foreldrafélags Myllubakkaskóla	
Dags. fundar 18.04.2023	Tími 20:00 – 21:50	Staður Austurgata 10	Nr. Fundar 2
Fundarboðandi Helena Bjarndís Bjarnadóttir	Fundarritari Ingunn Anna Ragnarsdóttir	Fj. bls. 1	

Mættir voru: Helena Bjarndís Bjarnadóttir, Katrín M. Aradóttir og Ingunn Anna Ragnarsdóttir.
Fjarverandi: Bjarney S. Annelsdóttir og Karólína Björg Óskarsdóttir

Dagskrá og helstu niðurstöður.

Atriði nr.	Lýsing
1.	Samþykki fundargerðar Fyrri fundargerð var þegar samþykk.
2.	Mygla. Punktur frá Helenu frá foreldri. Samkvæmt nýjstu upplýsingum frá Hlyni skólastjóra (T.póstur til foreldra 12.apríl 23) þá sýndu nýjstu mælingar jákvæðar mælingar á þann hátt að engin mygla fannst. Hins vegar hafa verið mikil veikindi á kennurum. Þurfti meðal annars að fresta árshátíð Myllubakkaskóla vegna þessa. Helena ætlar að óska eftir upplýsingum frá Hlyni um veikindi og einkenni barna við skólann og í kjölfarið senda póst á foreldra til að fá upplýsingar frá þeim.
3.	Vorhátíð. Vorhátíðin verður haldin 25.maí. Helena ætlar að óska eftir verðtilboði frá BMX bros, Circus Íslands og Danskomaní. Það kom til greina Lalli töframaður en samkvæmt upplýsingum frá honum hentar hans atriði aðallega frá 2-12 ára. Að venju verða pulsar og svali í boði frá foreldrafélaginu.
4.	Bekkarfulltrúar. Því miður er staða bekkjarfulltrúa í skólanum ekki góð. Aðeins hafa 5 foreldrar boðið sig fram. Tveir í 2.bekk, tveir í 4.bekk og eitt í 6.bekk. Staðan er alls ekki góð. Foreldrasamstarf hefur farið niður á landsvísu. Upp kom hugmynd frá Helenu að senda fljótlega póst á foreldra og hvetja þau til að reyna að skipuleggja eina skemmtun með bekk barna sinna fyrir skólalok. Veturinn var þungur og húsnæðismál ofarlega í huga svo það væri mjög jákvætt að brjóta aðeins upp veturinn með smá skemmtun.
5.	Önnur mál. Engin önnur mál.